

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 124/1999**

**frá 24. september 1999**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/1999 frá 29. janúar 1999<sup>(1)</sup>.

Til að viðhalda einsleitni samningsins á sviði hagskýrslna og til að tryggja vinnslu og dreifingu á samfelldum og sambærilegum tölfræðilegum upplýsingum í þeim tilgangi að skýra og fylgjast með öllum efnahagslegum, félagslegum og umhverfisfræðilegum þáttum Evrópska efnahagssvæðisins, sem máli skipta, er nauðsynlegt að taka upp í XXI. viðauka við samninginn nokkra löggerninga sem voru samþykktir af Evrópubandalaginu á þeim tíma sem liðið hefur frá því síðustu breytingar voru gerðar á XXI. viðauka.

Að teknu tilliti til sérstöðu Íslands og Liechtensteins ber að undanþiggja þessi ríki frá ákveðnum kröfum um hagskýrslugerð.

Undanþágurnar, sem framkvæmdastjórnin veitir aðildarríkjunum í 1. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 98/385/EB, eru hvað EFTA-ríkin varðar með fyrirvara um þær málsmeðferðarreglur sem þau komu sér saman um samkvæmt d-lið 4. gr. bókunar 1 við samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 112, 11.5.2000, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 21, 11.5.2000, bls. 162.

*1. gr.*

XXI. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun:

*2. gr.*

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 98/385/EB<sup>(2)</sup>, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1687/98<sup>(3)</sup>, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1688/98<sup>(4)</sup>, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1232/98<sup>(5)</sup> og ákvörðunar ráðsins 98/582/EB<sup>(6)</sup> á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*N. v. Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*

---

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 174, 18.6.1998, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 214, 31.7.1998, bls. 12.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 214, 31.7.1998, bls. 23.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 177, 22.6.1998, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 281, 17.10.1998, bls. 36.

## VIÐAUKI

### við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/1999

XXI. viðauka (HAGSKÝRSLUGERÐ) við EES-samninginn skal breytt sem hér segir:

#### A. FLUTNINGA- OG FERÐAMÁLASKÝRSLUR

Lið 7b (tilskipun ráðsins 95/64/EB) skal breytt sem hér segir:

i) Eftirfarandi skal skotið inn á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 D 0385:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/385/EB frá 13. maí 1998 (Stjtið. EB L 174, 18.6.1998, bls. 1).“;

ii) aðlögunarliður b) falli niður.

#### B. HAGTÖLUR

Eftirfarandi bætist við í lið 19b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96):

„, eins og henni var breytt með:

- **398 R 1687:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1687/98 frá 20. júlí 1998 (Stjtið. EB L 214, 31.7.1998, bls. 12),
- **398 R 1688:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1688/98 frá 20. júlí 1998 (Stjtið. EB L 214, 31.7.1998, bls. 23).“

## C. FLOKKUNARKERFI

Eftirfarandi skal skotið inn í lið 20b (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3696/93) á undan aðlöguninni:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 R 1232**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1232/98 frá 17. júní 1998 (Stjtið. EB L 177, 22.6.1998, bls. 1).“

## D. LANDBÚNAÐARSKÝRSLUR

Eftirfarandi skal skotið inn í 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB) á undan aðlögunarliðunum:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 D 0582**: Ákvörðun ráðsins 98/582/EB frá 6. október 1998 (Stjtið. EB L 281, 17.10.1998, bls. 36).“